

Tillögur	Skýring	Tímarammi:	Deild/svið:	Ábyrgðarmaður:	Athugasemd	Niðurstaða
1. LANGTÍMASKULDIR	Lagt er til að kanna hvort hægt sé að endurfjármagna eldri lán með hagstæðari kjörum.	Skuldalisti hefur verið uppfærður og er málið í undirbúningi	F&S	Bæjarritari/fjármálastjóri	Greining á lánum liggur fyrir. Sendum erindi á lánastofnanir og óskum eftir viðræðum um endurfjármögnun.	Bréf hefur verið sent til LS og ekki reyndist unnt að verða við erindinu
2. FJÁRHEIMILDIR SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN	Lagt er til að lögð verði áhersla á það við forstöðumenn að óheimilt er skv. sveitarstjórnarlögum að fara fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun.	Verður kynnt á fundi með forstöðumönnum	F&S	Bæjarritari/fjármálastjóri	Sendum umburðarbréf á forstöðumenn og förum yfir helstu áherslur varðandi reglur sem gilda um heimildir til ráðstöfun fjárveitinga og skuldbindinga.	Kynnt á árlegum fundi með forstöðumönnum um fjárhagsáætlun.
3. YFIRVINNA	Lagt er til að settar verði ákveðnar reglur, viðmið, varðandi hámarks yfirvinnu.	Fyrir lok mars 2020	F&S	Bæjarritari/mannauðsstjóri	Greinum yfirvinnu starfsmanna og setjum reglu um samþykki sviðsstjóra á yfirvinnu umfram samþykkt viðmið	Settar hafa verið viðmiðunarreglur um sérstaka yfirferð á yfirvinnu
4. ÚTBOÐ	Lagt er til að öll þjónustukaup, svo sem ræstingar, tryggingar, símaþjónusta (internet tenging) o.s.frv. hjá sveitarfélaginu, verði boðin út reglulega.	Búið að bjóða út tryggingar og útboð vegna kaup á þjónustu í undirbúningi	F&S	Bæjarritari/fjármálastjóri	Unnið í samstarfi við T&U	Útboð á raforkukaupum, tryggingum og þjónustu málara hefur verið samþykkt. Útboð á þjónustu iðnaðarmanna í biðstöðu vegna kærumála. Aðföng einsí og tölvubúnaður fyrir stofnari hefur verið boðin út og verðkannanir gerðar vegna kaupa á þjónustu.
6. LÖGFRÆÐI- OG PERSÓNUVERNDARFULLTRÚI	Lagt er til að starfsheiti persónuverndarfulltrúa verði breytt í lögfræði- og persónuverndarfulltrúa.	Frágengið	F&S	Bæjarritari	Komið til framkvæmda	
7. ÞJÓNUSTUSTJÓRI	Lagt er til að starf þjónustustjóra í þjónustuveri verði lagt niður.	Frágengið	F&S	Bæjarritari	Komið til framkvæmda	
8. LÖGINNHEIMTA	Lagt er til að samið verði þannig við þann aðila sem annast löginneimtu að Garðabær greiði ekki vegna krafna sem ekki innheimtast og hafa verið í löginneimtu.	Í skoðun	F&S	Bæjarritari	Hér er um óverulegar fjárhæðir að ræða og gæta verður sanngirni gagnvart greiðslu á útlögðum kostnaði innheimtuaðila	Í undirbúnigi er að gera veðkönnun/markaðskönnun á milliinnheimtu mað það að markmiði að hús sé bænuum að kostnaðarlausu og innheimtuþóknum gagnvart skuldurum hófleg.

9. KJARADEILD	Lagt er til að skoðað verði að fækka um eitt stöðugildi á kjaradeild.	Í skoðun	F&S	Bæjarritari/mannauðsstjóri	Ekki lagt til að komi til uppsagna	Álag í kjardeild hefur auksit vegna fjölgunar starfsmanna og meiri krafna í launvinnslu sem hefur gert það óraunhæft að fækka starfsmönnum
51. VINNUTÍMI Í ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ	Lagt er til að vinnutími í þjónustumiðstöð verði tekinn til athugunar og honum breytt í samræmi við kjarasamninga.	Í skoðun	F&S	Bæjarritari		Komið til framkvæmda að huta og áfram verður unnið að innleiðingu og útfærslu á tillögum m.a. með hliðsjón af styttingu vinnutímans
52. TÍMASKRÁNING GARÐYRKJUDEILDAR OG ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR	Lagt er til að athugað verði með að hætta að dreifa öllum tímum garðyrkju deildar og þjónustumiðstöðvar á verk.	Í skoðun	F&S	Bæjarritari	Þarf að skoða með endurskoðendum	Verður tekið upp með nýjum endurskoðendum hvort heimilt sé að breyta um verklag
60. REKSTUR HJÚKRUNARHEIMILISINS ÍSAFOLDAR	Lagt er til að farið verði í viðræður við velferðarráðuneytið varðandi yfirtöku ráðuneytisins á rekstri hjúkrunarheimilisins með vísan til þess m.a. að ráðuneytið hefur gert samninga um yfirtöku á rekstrinum við tvö sveitarfélög af þeim sveitarfélögum sem gerðu samning um svokallaða leiguleið.	Verður skoðað þegar niðurstaða liggur fyrir í dómsmáli	F&S	Bæjarritari	Verður skoðað í tengslum við niðurstöðu í dómsmáli sem nú er til meðferðar hjá Hæstarétti Íslands.	Garðabær kemur ekki að rekstri hjúkrunarheimilis né dagdvalar en greiðir Hrafnistu hluta húsnæðisgjald til að mæta kostnaði við innanhúsviðhald
61. TÆKNI- OG UMHVERFISSVIÐ	Lagt er til að tækni- og umhverfissvið beri heitið umhverfis- og framkvæmdasvið.	Verður skoðað síðar	F&S	Bæjarritari	Erum ekki sannfærðir um að þetta sé góð tillaga.	
62. SVIÐSSTJÓRAR	Lagt er til að forstöðumenn sviða beri starfsheitið sviðsstjóri.	Þeir eru sviðsstjórar	F&S	Bæjarritari	Á vef Garðabæjar kemur fram hverjir eru sviðsstjórar	Núverandi starfheiti óbreytt
63. SKIPURIT SVIÐA	Lagt er til nýtt skipurit sviða.	Í vinnslu	F&S	Bæjarritari		
19. LEIGUVERÐ Á FÉLAGSLEGUM LEIGUÍBÚÐUM	Lagt er til að leiguverð á félagslegum leiguíbúðum verði endurskoðað.	Í undirbúningi	Fjöl og F&S	Fjármálastj/félagsmálastj	Skoða leiguverð í nágrannasveitarfélögum. Lista upp samninga og gildistíma leigu. Þarf aðlögun og tillitsemi	Búið er að gera yfirlit yfir alla leigusamninga og gildistíma. Unnið er að endurskoðun og samræmingu leiguverðs í áfögnum samhliða því að samningar renna út.
20. ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR FÉLAGSLEGS HÚSNÆÐIS	Lagt er til að annar rekstrarkostnaður vegna rekstrar félagslegra leiguíbúða verði greindur og endurskoðaður.	Í undirbúningi	Fjöl og F&S	Fjármálastj/félagsmálastj		Reglulega er haft eftirlit með fjárhæð húsgjalda samhliða endurnýjun á leigusamningum í þeim tilgang að tryggja að verið sé að greiða sannanlegan kostnað.